

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Icelandic Glacial Water for Life Foundation.

Heiti.

1. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Sjálfseignarstofnunin Icelandic Glacial Water for Life Foundation.

Heimilisfang.

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Laugavegi 170, Reykjavík.

Tilgangur.

3. gr.

Sjálfseignarstofnunin Icelandic Glacial Water for Life Foundation er stofnuð í mannúðarskyni. Tilgangur stofnunarinnar er dreifa drykkjarvatni til fólks hvarvetna í heiminum þar sem neyðarástand ríkir í kjölfar náttúruhamfara eða af mannavöldum. Drykkjarvatnsins verður aflað í sveitarfélagini Ölfusi samkvæmt samningi Icelandic Water Holdings ehf. við sveitarfélagið dagsettum 15. júní 2007.

Stofnendur.

4. gr.

Stofnendur Sjálfseignarstofnunarinnar Icelandic Glacial Water for Life Foundation eru Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, 34 Bryan Stone Square, London, Englandi og Icelandic Water Holdings ehf., kt. 650997-2129, Laugavegi 170, Reykjavík. Framlagsfé Jóns Ólafssonar er kr. 3.000.000.

Stofnfé.

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 3.000.000, sem er framlag Jóns Ólafssonar.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyla stofnendum hennar.

Tekjur.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé. Tekjur munu jafnframt stafa frá styrkjum, gjöfum, auglýsingatekjum eða öðrum frjálsum framlögum sem stofnuninni kunna að berast. Jafnframt aðrar tekjur sem ekki verða hér tæmandi taldar.

Stjórn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal í upphafi skipuð eftirtoldum þremur mönnum: Jóni Ólafssyni, kt. 060854-5219, Kristjáni Ólafssyni, kt. 060477-4349 og þriðja manni sem Icelandic Water Holdings ehf., kt. 650997-2129 velur á stofnundi stofnunarinnar. Í kjölfarið velja stjórnarmennirnir tvö menn til viðbótar í stjórn og er stjórnin þá fullskipuð. Láti stjórnarmaður af störfum skal stjórn veljamann í hans stað, þó þannig að stjórn Icelandic Water Holdings ehf. velur ætíð einn mann í stjórn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður og varaformaður. Undirskriftir stjórnarformanns og eins stjórnarmanns skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

8. gr.

Stjórn Icelandic Glacial Water for Life Foundation er heimilt að stofna til fulltrúaráðs stofnunarinnar. Stjórnin setur reglur um fjölda fullrúa í ráðinu og val þeirra. Stjórnin setur jafnframt reglur um störf og verkefni fulltrúaráðsins.

9. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

10. gr.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri hennar. Stjórnin kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar. Stjórnin sér um fjárvörslu stofnunarinnar og ráðningu starfsliðs. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Reikningsárið.

11. gr.

Starfsár og reikningsár Icelandic Glacial Water for Life Foundation er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórn stofnunarinnar skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Fyrsta reikningstímabil stofnunarinnar er frá 25. september til 31. desember 2008.

Stjórn stofnunarinnar tilnefnir löggiltan endurskoðanda, sem endurskoða skal ársreikning stofnunarinnar og áritar reikninginn um endurskoðunina.

12. gr.

Ágóði af starfsemi stofnunarinnar skal í samræmi við markmið þau er greinir í 3. gr. samþykkta þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Breyting stofnskrár eða slit.

13. gr.

Tillaga um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar skal tekin af tveimur eða fleiri stjórnarmönnum. Atkvæði meirihluta stjórnarmanna þarf til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunin lögð niður skal fjármunum sjóðs varið í samræmi við markmið hennar eða skyld markmið. Leitast skal eftir samvinnu eða samráði við Sameinuðu þjóðirnar um ráðstöfun fjármunanna.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir sýslumann í samræmi við lög nr. 19/1988.

14. gr.

Par sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Nr. 374

26. mars 2009

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 26. mars 2009,

Helgi Már Ólafsson.

Lára Kr. Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2009